Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ
28. sep. 2018
Málsnr. 2018-09-0086
Frumrit - skilist til skjalasafns

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
*Jöfnunarsjóður sveitarfélaga*
Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 5458200 bréfasími: 5527382
postur@srn.is srn.is

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Reykjavík 25. september 2018
Tilv.: SRN18090075/7.21

Á grundvelli 7. gr. reglna frá 31. ágúst 2016 er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2018 til 2019. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr. reglugerðarinnar. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
2. Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
3. Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 2. mgr. 1.gr. reglnanna.

Óskað er eftir að umsókn berist frá sveitarfélaginu rafrænt með uppfærðu excelskjali eigi síðar en föstudaginn 12. október nk. á netfangið: gustav.a.gustavsson@srn.is. Jafnframt er óskað eftir að umsóknin berist Jöfnunarsjóði sveitarfélaga undirrituð í pósti. Meðfylgjandi eru umsóknareyðublöð en einnig má finna þau rafrænt á heimasíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undir eyðublöð.

Stefnt er að því að við greiðslu framlags til sveitarfélaga fyrir nóvember nk. fari jafnframt fram greiðsla vegna framlaga fyrir september og október 2018.

Fyrir hönd ráðherra

Guðni Geir Einarsson

Gústav Aron Gústavsson

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**
**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

*Eyðublað 2a*

## UMSÓKN LÖGHEIMILISSVEITARFÉLAGS

*um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda skv. 7. gr. reglna frá 31. ágúst 2016*

***Skólaárið 2018-2019***

**Lögheimilissveitarfélag** ______________________ **Sveitarfélag nr.** __________

**Heimilisfang** ______________________

______________________

**Netfang:** ______________________ **Símanúmer** __________

| | |
|---|---|
| *Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.* | |
| *Nemendur sem hafa verið í hljóðfæranámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.* | |
| *Nemendur sem hafa verið í söngnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.* | |
| *Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.* | |
| ***Heildarfjöldi nemenda í umsókn lögheimilissveitarfélags*** | |

***Dagsetning:*** ______________________

______________________
***Framkvæmdastjóri sveitarfélags***

***Umsóknum skal skilað rafrænt til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á netfangið***
gustav.a.gustavsson@srn.is
***Jafnframt er óskað eftir að undirritaðar umsóknir lögheimilissveitarfélags verði sendar Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í pósti.***

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið** *Eyðublað 2b*

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

***UMSÓKN LÖGHEIMILISSVEITARFÉLAGS***

***um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, skv. 7. gr. reglna frá 31. ágúst 2016***

| | | |
|---|---|---|
| Nafn nemanda | | Kennitala |
| Nöfn foreldra/forráðamanna | | Kennitala |
| | | Kennitala |
| Heimilisfang | Póstnúmer | Sveitarfélag |
| Heimasími | Vinnusími/gsm | Netfang |

| | |
|---|---|
| Nafn tónlistarskóla sem nemandinn er skráður í | Nafn framhaldsskóla sem nemandinn er skráður í |
| Sveitarfélag | Sveitarfélag |
| Aðalnámsgrein | Er tónlistarnámið metið til eininga í framhaldsskólanum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Nemandi á miðstigi í hljóðfæragreinum ________ | Nemandi sem hefur verið í hljóðfæranámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur ________ | | Nemandi sem hefur verið í söngnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur ________ | Nemandi sem er að hefja nám á grunnstigi í söng ________ |

| |
|---|
| **Kostnaður sveitarfélags samkvæmt gjaldskrá skólaárið 2018-2019:** ________________ |
| Ástæður þess að sótt er um námsvist fyrir nemandann utan síns sveitarfélags |
| |
| |

| | |
|---|---|
| Staður og dagsetning | Undirskrift foreldra / forráðamanna |

## *Staðfestist af viðkomandi aðilum:*

| | |
|---|---|
| Lögheimilissveitarfélag | Kennslusveitarfélag |

| | |
|---|---|
| (Samþykki lögheimilissveitarfélags) | (Samþykki kennslusveitarfélags) |